

Nd.

289. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslanum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Þer launagreiðanda að halda eftir iðgjaldahluta sjóðfélaga af launum hans og standa lífeyrissjóðnum skil á báðum iðgjaldahlutum.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Félagsmálaráðherra hefur óskað, að heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd. flytji frv. þetta, og hefur nefndin orðið sammála um að flytja það óbreytt. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð.

Allt frá 1. júlí 1944, þegar lög um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna tóku gildi, hefur verið leitast við að koma því fyrirkomulagi á um iðgjaldagreiðslu, sem ákveða á með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Flestallir launagreiðendur hjúkrunarkvenna hafa og haldið iðgjöldum eftir af launum hjúkrunarkvenna sinna, en nokkrir hafa hvorki hirt um að verða við beiðni lífeyrissjóðsins um að halda eftir iðgjöldum af laununum né heldur að standa sjóðnum skil að iðgjaldahluta sínum.

Af þessu hefur leitt, að þó nokkrar hjúkrunarkonur hafa engin iðgjöld greitt til lífeyrissjóðsins til þessa.

Er því nauðsynlegt að fá frumvarp það, sem hér ræðir um, samþykkt, til þess að framkvæma megi lög um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna svo sem til var ætlast, þá er þau voru sett.